

Stjórnarfundur FEB nr. 499 þriðjudaginn 25. júní kl. 10:00

Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Kristinn Eiríksson, Árni Gunnarsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Elinóra Inga Sigurðardóttir og Stefanía Valgeirsdóttir

Mættur varamaður: Ragnar Árnason

Fjarverandi: Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Jón Magnússon og Bessí Jóhannsdóttir

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá:

- **Fundargerð 497 afgreidd**

- **Ritari stjórnar**

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar og var framkvæmdastjóra falið að rita fundargerð þessa fundar.

- **Umsögn, breyting á gjaldskrá sundlauga í Reykjavík**

FEB barst erindi frá Menningar-. Íþróttá- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar dags. 14.06.24. með ósk um umsögn á tillögu varðandi breytingu á gjaldskrá sundlauga Reykjavíkurborgar. Sem svar við þeirri ósk samþykkti stjórn FEB að gera bókun fulltrúa FEB í öldungaráði Reykjavíkurborgar sem bókuð var á fundi öldungaráðs nr. 89, fimmtudaginn 20. júní 2024 - að sinni.

- **Tillaga að breytingum á samþykktum öldungaráðs Reykjavíkurborgar**

Farið var yfir áform borgayfirvalda að fækka fulltrúum FEB í öldungaráði Reykjavíkur úr þremur í einn. Stjórn FEB mótmælir þessum áformum harðlega og er sammála bókun fulltrúa FEB í öldungaráði Reykjavíkurborgar sem fram kemur í fundargerð ráðsins nr. 89 frá 20. júní s.l. - varðandi þessi áform.

- **Skipan nefnda**

Formaður lagði fram tillögu um eftirfarandi í húsnæðisnefnd FEB:

- Kristin Eiríksson sem formann nefndarinnar
- Ástrúnu Björk Ágústsdóttur
- Árna Gunnarsson
- Guðrúnu Ósk Jakobsdóttur

Fram kom tillaga um að Sigurður Ágúst Sigurðsson yrði einnig í nefndinni.

RÁ taldi óheppilegt að stjórnarmenn í Leigufélagi aldraðra væru í húsnæðisnefnd FEB og gerði tillögum um eftirfarandi menn í nefndina:

- Halldór Frímannson
- Ingibjörgu H. Sverrisdóttur
- Árna Gunnarsson
- Guðrúnu Ósk Jakobsdóttur
- Sigurð Ág. Sigurðsson

Þessi tillaga var felld með fimm atkvæðum gegn tveimur(RÁ og EIS).

Tillaga formanns og að SÁS væri í nefndinni, var þar með samþykkt.


GÖF


REYKJAVÍKURBORGAR
RÁ
EIS
SÁS

- RÁ vék af fundi með leyfi formanns eftir þennan dagskrálið.

- **Dagsetning næstu stjórnarfunda**

Næstu reglulegu stjórnarfundir verða á eftirfarandi tíma


- Þriðjudaginn 10. sept. kl. 13:30
- Þriðjudaginn 1. okt. kl. 13:30
- Þriðjudaginn 5. nóv. kl. 13:30
- Þriðjudaginn 3. des. kl. 13:30
- Þriðjudaginn 7. jan. 2025 kl. 13:30
- Þriðjudaginn 4. feb. 2025 kl. 13:30

- **Önnur mál**

Engin

Fundi slitið kl. 11:15

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.



The image shows several handwritten signatures in blue ink, likely from the board members, arranged vertically. The signatures include: "J. Jóhannsson GOI", "R. Ólafsson", "K. Ólafsson", "G. Ólafsson", "S. Ólafsson", and "R. Ólafsson".